

Fundargerð

92. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands

92 / 28. fundur Heilbrigðisnefndar Austurlands

Haldinn símleiðis 18. ágúst 2010 kl.9:00

Mætt:

Valdimar O. Hermannsson, Árni Kristinsson, Sigurlaug Gissurardóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Benedikt Jóhannsson, Eiður Ragnarsson sem varmaður fyrir Kristínu Ágústsdóttur og Guðmundur R. Gíslason sem varamaður fyrir Andrés Skúlason.

Starfsmenn viðstaddir: Helga Hreinsdóttir og Leifur Þorkelsson

Dagskrá:

1	Erindi og bréf.....	524
1.1	Landgræðsla ríkisins v/ trjákvöðu við Háslón	524
1.2	Umhverfisstofnun, álit vegna losunar á fiskúrgangi í sjó.....	525
1.3	Landsvirkun v/strengja í jörðu á hálendinu	525
2	Bókuð útgefin starfsleyfi.....	525
3	Tóbakssöluleyfi	525
4	Umsóknir um tímabundin starfsleyfi	525
5	Málefni einstakra fyrirtækja	525
6	Ársreikningar 2009 lagðir fram til kynningar	525
7	Hálfs árs uppgjör 2010.....	526
8	Neysluvatnsmál.	526
9	Framsalsmál.....	526
10	Önnur mál.....	526
10.1	Rannsóknir á sýnum.....	526
10.2	Myglusveppur í húsnæði.....	526
10.3	Næstu fundir	527
10.4	Um Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða.....	527

Formaður setti fund og bauð Guðmund R. Gíslason velkominn, en hann hrósaði aðalmönnum fyrir góða mætingu.

Frkvstj. hafði fyrir fund gert tillögu um að fresta allmörgum liðum sem lágu fyrir til næsta fundar, annars vegar þar sem sá fundur verður snertifundur og hins vegar til að stytta símfundinn. Formaður bar þessa tillögu undir fundinn og var hún samþykkt.

1 Erindi og bréf

1.1 Landgræðsla ríkisins v/ trjákvöðu við Háslón

Með erindi dags. 26. apríl 2010 óskar Landgræðslan eftir leyfi til að nota allt að 1 tonn af trjákvöðu til að binda jarðveg við Háslón sumarið 2010. Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri hafa svarað erindinu jákvætt, enda litið á það sem

hluta af kröfum embættisins um að leitað verði umhverfissvænni efna en bikþeytu til að hefta áfok jarðvegs á lónsbökkunum.

Minnt var á að áður hafði verið samþykkt leyfi til handa Landsvirkjunar um að nota allt að 150 tonn af bikþeytu á sumrinu 2010 í sama tilgangi. Til upplýsingar kom fram að HHr hefur farið í eftirlit á bökkum Háslóns í tvígang í sumar. Betur verður gerð grein fyrir þessu máli á næsta fundi.

Eiður og Borghildur mæta til fundar.

Heilbrigðisnefnd staðfestir afgreiðslu málsins.

1.2 Umhverfisstofnun, álit vegna losunar á fiskúrgangi í sjó

UST hefur sent HES bréf, dags. 11.5.2010, vegna fyrirspurnar um losun á fiskúrgangi í sjó. Niðurstaðan er þessi: “Það er álit Umhverfisstofnunar að skv. 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, sé hvers konar varp efna og hluta í sjóinn bannað þar með talin losun úrgangs.”

Málið snýst um fiskúrgang sem verður til vegna fiskvinnslu í landi. Nokkur umræða varð um eðli málsins og muninn á meðferð fiskúrgangs við slægingu á sjó og losun fiskúrgangs frá landi.

1.3 Landsvirkun v/strengja í jörðu á hálendinu

Með tölvubréfi dags. 8.7.2010 sótti Landsvirkjun um heimild til að skilja eftir í jörðu strengi við Desjarárstíflu og við Háslón. Ástæða umsóknarinnar var að meiri spjöll á gróðri myndu fylgja brotnámi þeirra en ásættanlegt væri. Umsókn þessi var gerð að höfðu samráði við Björn Stefánsson hjá Umhverfisstofnun, sem hefur eftirlit með frágangi lands í lok framkvæmda. HAUST vísaði málinu til skipulags- og mannvirkjanefndar Fljótshálfarabæjar, sem samþykkti erindið á fundi 14.7., enda lágu þá fyrir teikningar og góðar upplýsingar um staðsetningu strengjanna. Að því fengnu samþykkti HAUST einnig erindið.

Heilbrigðisnefnd staðfestir afgreiðslu málsins.

2 Bókuð útgefin starfsleyfi

Frestað til næsta fundar

3 Tóbakssöluleyfi

Frestað til næsta fundar

4 Umsóknir um tímabundin starfsleyfi

Frestað til næsta fundar

5 Málefni einstakra fyrirtækja

Frestað til næsta fundar

6 Ársreikningar 2009 lagðir fram til kynningar

Skoðunarmenn hafa fengið ársreikninga og áritað þá án aths.

Rekstartekjur ársins skv. ársreikningum eru kr. 42.5 millj., rekstargjöld kr. 40 millj og hagnaður í árslok að teknu tilliti til fjármagnstekna er 2.8 millj.

Reikningarnir bornir upp og samþykkt samhljóða. Frkst. falið að fá áritanir frá aðalmönnum. Reikningarnir verða síðan lagðir fyrir aðalfund HAUST.

7 Hálfs árs uppgjör 2010

Farið var yfir gögn sem voru send út fyrir fundinn og þau rædd, frkvstj. svaraði spurningum. Það er mat frkvstj. að fjármál séu í eðlilegum farvegi miðað við árstíma og fjárhagsáætlun. Æskilegt er að kanna hvort unnt verður að skipta annarri bifreiðinni út fyrir nýja þegar liður að árslokum, enda hefur því í tvígang verið frestað.

Ekki voru gerðar aths. við gögnin.

8 Neysluvatnsmál.

Tvö mengunarmál neysluvatns hafa komið upp. Annars vegar í Djúpavogi og hins vegar á Eskifirði.

Annað var vegna náttúruhamfara og notkunar á yfirborðsvatni en hitt vegna mannlegra mistaka. Í báðum tilfellum var brugðist við skv. viðbragðsáætlun í innra eftirliti vatnsveitnanna. Hvort tveggja tilföllin kölluðu á miklar sýnatökur og vinnu af hálfu HAUST.

Vegna umræðu um mengun neysluvatns á Eskifirði kom fram að starfsmenn HAUST munu funda með forsvarsmömmum Fjarðabyggðar strax eftir fund heilbrigðisnefndar til að fara ítarlega yfir málið. Í kjölfarið verður unnin greinargerð.

Spurt um grútarmengun á Vopnafirði, sem fjallað var um í fréttum ríkissjónvarpsins í gær. LP og BS gerðu grein fyrir málinu. Svo virðist sem hreinsivirki fráveitu fyrirtækisins HB Granda ráði ekki við það magn sem verið er að vinna. Ýmsir þættir hafa verið samvirkandi og valdið mikilli mengun í fjörum. BS upplýsti að unnið er að upphreinsun á fjörum í samvinnu fyrirtækisins og starfsmanna sveitarfélagsins.

9 Framsalsmál

Frestað til næsta fundar

10 Önnur mál

10.1 Rannsóknir á sýnum

Frá því í júní 2010 hefur rannsóknastofa MATÍS í Neskaupstað getað rannsakað fleiri mælipætti en áður. Þetta veldur því að nú er unnt að nýta rannsóknastofuna meira en áður var og senda þangað til reglubundinna rannsókna neysluvatn, ís úr vél og baðvatn.

Heilbrigðisnefnd lýsir ánægju með þessa þróun.

10.2 Myglusveppur í húsnæði

Af og til koma upp mál, jafnvel í fjölmiðlum, sem varða myglusvepp í íbúðarhúsnæði og fólk virðist óttast sjúkdókma af þessum sökum.

Af hálfu HAUST og skv. leiðbeiningum Umhverffisstofnunar er húsnæði skoðað ef óskað er eftir því. Ekki er talið rétt að taka sýni og láta tegundagreina myglu eða myglugróu, enda á húsnæði að vera þurrt og heilt. Mygla vex ekki nema þar sem raki er. Markmið hlýtur að vera að uppræta raka og þar myglu með og því eru af hálfu HAUST gerð tilmæli um viðhald og viðgerðir í húsaskoðunarskýrslum ef ummerki finnast um raka og/eða mygli í húsnæði.

Til upplýsingar þá er eftirfarandi tekið úr reglugerð nr. 941/2002 um hollstuhætti:

Húsnæði skal vera þannig gert og viðhaldið, umgengið og þrifið að þeir sem þar

dveljast, starfa, eða nálægir íbúar, hljóti ekki heilsutjón eða óþægindi af. Þar skal vera nægilegt heitt og kalt vatn og fullnægjandi frágangur fráveitu og sorpílata. Húsnæði, sem fjallað er um í reglugerð þessari, skal í samræmi við eðli starfseminnar fullnægja almennum skilyrðum um rými, birtu, upphitun og loftræstingu. Eftir því sem við á skulu gólf, veggir, loft og húsbúnaður gerður úr eða klæddur efni sem auðvelt er að þrifa.

Heilbrigðisnefnd er sammála ofangreindu vinnulagi starfsmanna.

Spurt var um framvindu mála í leikskólanum í Neskaupstað. Upplýst var að búið að rífa turnana og ekki annað vitað en að rakavandi sé horfinn.

10.3 Næstu fundir

Tillaga um að hafa

- snertifund í heilbrigðisnefndinni annaðhvort miðvikudaginn 15.9. eða föstudaginn 17.9. og kanna einnig hvort Landsvirkjun getur tekið á móti nefndinni. Hugmynd er um að fá að heimsækja Kárahnjúkastíflu að loknum fundi. Samþykkt að frkvstj. kanni hjá aðalmönnum hvor dagurinn hentar betur.
- Tillaga um að hafa aðalfund HAUST á Djúpavogi að þessu sinni var samþykkt og ákveðið að hafa hann miðvikudaginn 6.10.

10.4 Um Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða

VOH sagði frá því að stjórn SHÍ hefur ekki fundað frá því í vor, en að áform séu um stjórnarfund og síðan aðalfund. Á vegum samtakanna verður rætt um framsalsmál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:50

Fundargerðin færð í tölvu af Helgu Hreinsdóttur og send fundarmönnum í tölvupósti og/eða á símbréfi til staðfestingar. Gerðin verður undirrituð á næsta snertifundi.

Valdimar O. Hermannsson

Sigurlaug Gissurardóttir

Borghildur Sverrisdóttir

Árni Kristinsson

Eiður Ragnarsson

Guðmundur R. Gíslason

Helga Hreinsdóttir

Leifur Þorkelsson